

Samkomulag vegna tónlistarstarfs

Skaftárhreppur, kt. 480690-2069, og Grafarsókn, kt. 580169-0159, Langholtssókn, kt. 420269-3909, Prestbakkasókn, kt. 520269-5769 og Þykkvabæjarklausturssókn, kt. 710269-4409, eru aðilar samkomulags þessa.

Með samkomulagi þessu er stefnt að því að efla menningar- og tónlistarstarf í Skaftárhreppi sem meðal annars getur nýst varðandi starfsemi kóra og tónlistarflutning í sveitarfélaginu.

Skaftárhreppur mun á grundvelli samkomulags þessa gera ráð fyrir að 30% af starfshlutfalli tónlistarkennara í sveitarfélaginu verði skipulag kórastarfs og æfingar auk starfs organista við kirkjur og kapellur innan sveitarfélagsins. Jafnframt verði gert ráð fyrir yfirvinnugreiðslum, vegna starfsins að hluta.

Skaftárhreppur mun kosta starf organista og kórstjóra samkvæmt þessu. Þó gildir að ef sóknirnar innheimta þóknun vegna tónlistarflutnings í tengslum við samkomulag þetta, skal gert ráð fyrir að slíkar tekjur renni til sveitarfélagsins.

Samkomulag þetta gildir ótímabundið. Aðilum samkomulagsins er heimilt að segja samkomulaginu upp með 3ja mánaða fyrirvara. Þá verði stefnt að því að endurskoða samkomulagið og framkvæmd þess árlega.

Staðfesting samkomulags þessa.

F.h. Skaftárhrepps

F.h. sóknanna

Einar Kristján Jónsson sveitarstjóri

Grafarsókn

Langholtssókn

Prestbakkasókn

Þykkvabæjarklausturssókn